

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Versalir á Holtamannafrétti.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til fjallaselsins Versala á Holtamannafrétti. Með deiliskipulaginu er verið staðfesta núverandi landnotkun svæðisins. Í Versölum eru þrjár skálar, tveir gistiskálar og hesthús með hestagerði. Gisting getur verið fyrir allt að 45 gesti. Skipulagssvæðið er um 5,6 ha.

Samþykkt í hreppsnefnd 21. júní 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. ágúst 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.